

leiðir af bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94 frá 21. desember 1994 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja; og
- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 [17/62].

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðirnar, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Um leið og EB-gerðunum verður beitt hér á landi, eftir birtingu reglugerðar þessarar í B-deild Stjórnartíðinda og gerðanna í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, falla úr gildi hér á landi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2367/90 og 27/62 sem taldar eru upp í 2. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. bókunar 21, sbr. 23. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94 og 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. apríl 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 2.500.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almanna-trygginga yfir 80.000 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. janúar 1997. Fjárhæð tekjumarks í reglugerð þessari tekur breytingum í réttu hlutfalli við hækkun bóta lífeyrstrygginga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. apríl 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.